

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu ráðstefnunnar „Hrunið, þið munið“ í Hátíðasal föstudaginn 5. október 2018 kl. 13.**

Forseti Íslands, prófessor Ralph Catalano, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að setja þessa ráðstefnu Háskóla Íslands sem haldin er í tilefni þess að nú eru 10 ár liðin frá hruni íslenska bankakerfisins, en 6. október 2008 flutti Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra Íslands, frægt sjónvarpsávarp sem lauk með orðunum „Guð blessi Ísland“. Í kjölfarið fylgdi mikil upplausn á mörgum sviðum íslensks samfélags hvort sem litið er til vettvangs stjórn mála, efnahagsmála eða utanríkissamskipta. En áhrifin voru líka sálræn og félagsleg og eru að því leyti einna helst sambærileg við viðbrögðin við hernámi Íslands árið 1940.

Í kjölfar hrunsins heyrðust raddir þess efnis að háskólafólk, ekki síður en stjórn málamenn, viðskipalífð og eftirlitsstofnanir, hefði sofið á verðinum á útrásarárunum. Skort hefði á almenna gagnrýni á þær aðstæður sem ríktu hér á landi þegar alþjóðlega bankakerfið riðaði til falls og hafði víðtækar en vissulega misalvarlegar afleiðingar innan einstakra ríkja. Þegar grannt er skoðað er þó ljóst að áhrifamiklir fræðimenn innan Háskólans höfðu uppi varnaðarorð í aðdraganda hrunsins. Má í því sambandi nefna sem dæmi ritgerð er Páll

Skúlason, fyrrverandi rektor skólans, birti vorið 2008 í tímaritinu

Skírni og bar heitið „Menning og markaðshyggja“.

Í ritgerðinni fjallar Páll um hvernig sú hugmyndafræði að frjáls markaður og samkeppni á öllum sviðum skipti mestu fyrir framfarir og velferð manna og þjóða hafi á síðustu áratugum þar á undan unnið sér sess sem ríkjandi hugmyndafræði hér á landi. Páll segir í greininni að verði markaðshyggjan allsráðandi og hafin upp á stall sem mikilvægasta verðmæti í heimi muni það leiða okkur í ógöngur og ógna sjálfri mennsku okkar.

Hvort sem það er vegna framangreindrar gagnrýni eða af öðrum ástæðum þá hefur fjöldi íslenskra fræðimanna – og raunar erlendra einnig – fengist við margháttáðar rannsóknir á aðdraganda bankahrunins og afleiðingum þess á þeim árum sem liðin eru. Slík endurskoðun hefur einnig átt sér stað á vegum opinberra stofnanna sem og á vettvangi menningar og lista; í skáldverkum, leikritum og kvikmyndum.

Markmiðið með þessari ráðstefnu er að kynna hluta þessara fræðilegu rannsókna fyrir almenningi en líka að hvetja fólk til að staldra við á þessum tímamótum, líta um öxl og draga sína lærdóma af sögunni. Hátt í 100 fyrirlestrar verða fluttir á ráðstefnunni um margvíslegar hliðar bankahrunsins 2008 og afleiðingar þess á íslenskt samfélag.

Í tengslum við ráðstefnuna er starfræktur sérstakur vefur, [hrunid.hi.is](http://hrunid.hi.is), sem geymir ekki aðeins dagskrá ráðstefnunnar heldur einnig ítarlegt yfirlit um margháttað efni sem tengist bankahruninu á Íslandi 2008, aðdraganda þess og eftirmálum, svo sem fræðiskrif, hrunbækur, lög og dóma, myndir og tóna, skáldskap og skýrslur. Kennarar og nemendur við Háskóla Íslands hafa lagt inn í þennan gangabanka efni sem varð meðal annars til í námskeiðunum „Bankarunið 2008“ og „Helvítis fokking fokk“ sem kennd voru á Hugvísindasviði veturinn 2014-2015.

Við hefjum þessa ráðstefnu á ávarpi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, en hann er jafnframt höfundur bókarinnar *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar* sem kom út í júní árið 2009. Þetta var ein af fyrstu bókunum sem skrifaðar voru um efnið en þær skipta nú tugum. Guðni átti einnig ásamt fleirum frumkvæði að þróun vefsins [hrunid.hi.is](http://hrunid.hi.is), á meðan hann starfaði sem kennari í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er Ralph Catalano, prófessor í lýðheilsu við Berkeley háskóla í Kaliforníu. Hann er meðal fremstu vísindamanna í rannsóknum á tengslum efnahagslífs og lýðheilsu, einkum áhrifum félags- og efnahagslegra þátta á álag og álagstengd heilbrigðisvandamál.

Til stóð að annar aðalfyrirlesari yrði Eva Joly, rannsóknardómari og þingmaður á Evrópuþinginu, sem um 18 mánaða skeið var sérstakur ráðgjafi íslensku ríkisstjórnarinnar vegna fyrirhugaðra rannsókna á meintum misferlum í tengslum við hrunið. Því miður þurfti Eva Jolie að afboða sig með skömmum fyrirvara af persónulegum ástæðum.

Þinghaldið fer fram í nálægt 20 málstofum sem haldnar verða síðdegis í dag og fyrir og eftir hádegi á morgun. Meðal viðfangsefna í einstökum málstofum eru áhrif bankahrunsins á íslensk stjórnsmál, skólastarf, búferlaflutninga, lýðræðisþátttöku, ferðamennsku og lýðheilsu, þar með talið líðan barna og starfsfólks fjármálafyrirtækja. Í nokkrum málstofum beinist athyglin að menningarlegum áhrifum hrunsins, meðal annars á skáldskap, myndlist, rokktonlist og kvikmyndir. Afmarkaðar málstofur fjalla um deilurnar um Icesave, mótmælin sem hrunið vakti, atvinnuleysið sem því fylgdi og viðbrögð stofnanna og banka við atburðunum haustið 2008.

Við eigum svo sannarlega fjölbreytta dagskrá í vændum. Ég vil nota tækifærið og þakka undirbúningsnefnd ráðstefnunnar fyrir mikið og gott starf. Í nefndinni sitja Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, Jón Karl Helgason, prófessor á Hugvísindasviði, Kristín Loftsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu, Ragnar Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og Rúnar Vilhjálmsson,

prófessor á Heilbrigðisvísindasviði. Starfsmaður nefndarinnar er Jón Bragi Pálsson verkefnisstjóri.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og gef nú forstea Íslands Guðna Th. Jóhannessyni orðið.